



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigureirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni: *Umsögn um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um endurskipulagningu íbúðakjarnans að Rökkvatjörn*

Þann 31. ágúst 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um endurskipulagningu íbúðakjarnans að Rökkvatjörn:

Flokkur fólksins leggur til að farið verði í að endurskipuleggja íbúðakjarna að Rökkvatjörn 3 með það að markmiði að gera almenningsrými fyrir íbúanna. Komið hefur í ljós að það er stór galli á húsnæðinu því þar er ekkert sameiginlegt rými þar sem íbúar geti komið saman, borðað saman, horft saman á viðburði í sjónvarpi. Flestir íbúar kjarnans eru að stíga sín fyrstu spor í eigin húsnæði. Íbúarnir þurfa mikla aðstoð við flesta hluti og verkefni sem hvíla á starfsfólki eru mörg og margvísleg. Foreldrar íbúanna hafa ítrekað haft samband við borgarfulltrúa Flokks fólksins og viðrað áhyggjur sínar. Ljóst er að láðst hefur að hafa foreldra með í ráðum við hönnun og skipulagningu íbúðakjarnans. Áherslan ætti að sjálfsögðu alltaf að vera á þjónustuþegunum og þörfum þeirra. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skoðað verði hvort á öðrum stöðum í íbúðakjarnanum sé óþarfa mikið eða stórt rými, eða rými sem er illa nýtt eða sjaldan, sem þá er hægt að nýta undir sameiginlegt rými fyrir íbúana. Flokkur fólksins hefur reifað þetta mál á fundi umhverfis- og skipulagsráðs og er það mat ráðsmanna að málið eigi heima í velferðarráði/sviði.

Umsögn:

Húsnæðið að Rökkvatjörn var sérstaklega hannað og skipulagt með hagsmuni verðandi íbúa að leiðarljósi. Þó ekki hafi legið nákvæmlega fyrir hverjir fengju úthlutað íbúðum var ljóst að íbúðakjarnanum væri ætlað að mæta þörfum fatlaðs fólks með þroskahömlun og skyldar fatlanir í þjónustuflokki II. Að hönnun og skipulagi íbúðakjarnans komu auk arkitekta og fulltrúa Félagsbústaða, sérfræðingur af skrifstofu málefna fatlaðs fólks með áratuga reynslu af starfi í íbúðakjarna fyrir fólk með þroskahömlun.

Það er stefna borgarinnar að sameiginleg almenningsrými skuli ekki vera í íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk. Reynslan hefur sýnt að það hentar alls ekki öllum og aðstandendur eru ekki á eitt sáttir um slík rými. Í stað almenningsrýmis er í öllum íbúðakjörnum íbúð sem nýtist sem starfsmannaaðstaða og þessa íbúð geta íbúar nýtt sér til sameiginlegra viðburða óski þau þess, auk þess sem íbúar geta stofnað til viðburða eða boðið nágrönnum heim til sín. Mælt er með stofnun íbúaráða þar sem íbúar geta tekið ákvarðanir varðandi þetta rými og önnur mál sem þau vilja ræða til að gera húsið sitt að skemmtilegu samfélagi. Forstöðumaður sem og annað starfsfólk veitir íbúum stuðning við stofnun íbúaráða og getur stutt þau varðandi húsfundi þar sem íbúar tjá sig með aðstoð aðstandenda, starfsfólks og/eða persónulegra talsmanna ef þess er þörf.

Velferðarsvið leggur mikla áherslu á samráð og samvinnu við fatlað fólk og aðstandendur þeirra enda lykilatriði fyrir vel heppnaða búsetu fatlaðs fólks.